


51. SAMBANDSPING -



PINGGERD

1973.

## 51. Sambandsþing U.M.S.K.

51. Sambandsþing J.M.S.K. haldið að Félagsgarði í Kjós, sunnudaginn 13 jan. 1974 í boði Ungmennafélagsins Drengs. Þingið var sett á ellefta tímanum fyrir hádegi. Etlunin var að þingið hafist kl. 10.00, en það reyndist ekki framkvæmanlegt sökum óstundvísí þingfulltrúa.

Formaður sambandsins Sigurður Skarphéðinsson setti þingið með stuttu ávarpi og bauð þingfulltrúa velkomna til þingsins, einnig bauð hann gest þingsins Sigurð R. Guðmundsson ritara Ungmennafélags Íslands velkominn. Meðal annar fórmáður þess að samstarfið innan U.M.S.K. mætti vera betra, kvað hann það grundvöll árangusríkara starfs. Hann ræddi einnig þá hugmynd að skipta sambandssvæðinu t.d. Kópavogsfélögin yrðu sérbandals. Það gat hann þess að starf framkvæmdarstjóra hefði verið dregið saman í hálft tár.

Þá fjallaði hann um hið mikla og margbætta starf er biði sambandsstjórnar á komandi starfsári.

Kos ning kjörbréfanefndar og starfsmanna.

Þeir sem hlutu kosingu í kjörbréfanefnd voru:

Hreiðar Grímsson

Ingvi Guðmundsson

Þorvarður Áki Eiríksson

Forseti þingsins var kosinn Páll Aðalsteinsson, form. Aftureldingar Varaforseti var Guðmundur Gíslason.

Ritari þingsins voru kjörnir Svænborg Ísberg og Össur Torfason.

Þessar kos ningar voru einróma samþykktar.

Þingføseti Páll Aðalsteinsson bauð þingið velkomið til starfa.

### Áværp gests.

Til máls tók Sigurður R. Guðmundsson. Flutti kveðju frá ný- afstöðnum stjórnarf. U.M.F.Í. Gát hann þess að auka bæri samstarf innan U.M.F.Í. Prátt fyrir aukið fjárframlag ríkisins til U.M.F.Í. væri fyrirsjáanlegur fjárskortur. Kvað hann mikla þörf á viðbótarstarfskröftum t.d. á félagsmálaþvíði. Til uppbótar þessum þörfum hafði U.M.F.Í. gengist fyrir námskeiðum fyrir félagsmálakennara víða um land. Leikritasafn U.M.F.Í. kvað hann hafa staðið í stað, en úrbætur yrðu á næsta ári. Leiðbeinendanámskeið voru í, þjóðönsum og fyrir stjórnendur ungmannabúða.

Þar næst rakti hann starfsemi íþróttaskóla síns að Leirárskóla í Borgarfirði, sjá þingskjal 1. Fram kom að innan hans félagsmálaskóla væru fjögur stig þ.e.a.s. A.grunnstig, B.félög, C.héraðssambönd og D.landið. Kvaðs Sigurður vera búin að sækja um réttindi til kennslu, til íþróttaráðs ríkisins fyrir þá sem sótt hafa þessi námskeið. Þar næst sagði hann frá vœtanlegri heimsókn Ungmennasambands Norðurlanda dagana 1-6 marz '74. Þeir munu halda til að Leirárskóla en þaðan fara í kynnisferðir um sveitir landsins. Minntist á vasa-söngbók sem U.M.F.Í. staði fyrir útgáfu að, og væri sérlega vandað til.

Vakti hann athygli á að auka þyrfti þátt Skinfaxa innan U.M.F.Í. Í tilefni 1100ára afmæli Íslands kvað hann viðeigandi að Ungmennasamtökinn stæðu fyrir hátiðardagskrá hver í sínu umdæmi. Talaði hann um nauðsyn viðtækari kynningarstarfsemi í starfi U.M.F.Í. innan skólakerfisins. Að lokum lýsti hann ánægju sinni yfir að hafa fengið að sitja þing þetta og kvað hann ánægjulegt að sjá svo margt ungt fólk starfandi á þinginu,

#### Álit kjörbréfanefndar:

Hreiðar Grímsson formaður nefndarinnar lýsti störfum kjörbréfanefndar og kynnti fulltrúua um leið og hann las þá upp.

Fulltrúar skiptust þannig á milli félaga.

H.K.	Tala	virkra meðlima	135, fulltrúar	7 + formaður
U.M.F.Afturelding	"	149	"	8 "
U.M.F.Stjarnan	"	109	"	6 "
U.M.F.Breiðablik	"		"	8 "
U.M.F.Drengur	"	75	"	3 "
Íþróttaf. Gerpla	"	168	"	8 "
U.M.F.Bessast.hr.	"	44	"	2 "
U.M.F.Kjalarnesp.	"	51	"	3 "
Íþróttaf. Gróttta	"		"	0
Siglingaf. Ýmir	"		"	0

Frá tveimur síðast töldu félögumunum mætti enginn fulltrúi.

#### Þingfulltrúar:

Handknattleiksfélag Kópavogs.	Ungmennafélagið Drengur.
Þorvarður Áki Eiríksson form. og UMSK.	Guðný G. Ívars dóttir form.
Sveinbjörn Björnsson	Hreiðar Grímsson
Lárus Ásgeirsson	Halldór Gíslason
Magnús Gíslason	Ágústa Gísladóttir
Ungmennafélagið Afturelding.	Sigurlína J. Jóhannesdóttir
Páll Áðalsteinsson form.	Ólafur Oddsson UMSK.
Georg Magnússon	Íþróttaf. Gerpla
Ágúst Tómasson	Friðbjörn Örn Steingrímss.form.
Bjarni Bjarnason	Margrét Bjarnadóttir
Lárus Jónsson	Una Ragnarsdóttir
Stefán Jónsson	Ólafur Guðmundsson
Bjarni Snæbjörn Jónsson	Gísli Ákason
Sigurður Skarphéðinsson UMSK.	Sveina Sveinbjörnsdóttir
Ungmennafélagið Stjarnan.	Össur Torfason
Ingvi Guðmundsson form.	Anna Hjaltadóttir
Guðmundur Ingv. sson	Svanborg Ísberg
Erlingur Þorsteinsson	Hulda Finn bogad. UMSK.
Ragnhildur Pálsdóttir	Bjarni Jóhanness. varamaður
Þórarinn Sigurðsson	Ungmennafélag Bessast.hrepps.
Páll Ól. Pálsson UMSK.	Jónas Jóhannsson form.og UMSK.
Ungmennafélagið Breiðablik.	Stefán Magnússon
Pórir Hallgrímsson form.	Steingrímur Hildimundarson
Gestur Guðmundsson	Ungmennafélag Kjalnesinga.
Hannes Alfonsson	Stefán Tryggvason form.
Pétur Eysteinsson	Gunnar Gíslason
Steinar Lúðvíksson	Ragnheiður Tryggvadóttir
Pórður Guðmundsson	Grétar Tryggvason UMSK.
Pálmi Gíslason UMSK.	

Kostning kjörnefndar:

Ertirtaldir menn hlutu kos ningu:

Ólafur Guðmundsson  
Halldór Gíslason  
Pórarinn Sigurðsson  
Bjarni Bjarnason  
Jónas Jóhannsson  
Stefán Tryggvason  
Þórir Hallgrímsson

Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins:

Sigurður Skarphéðnsson formaður UMSK, Pálmi Gíslason gjaldkeri ofl. skýrðu skýrslu og reikninga sambandsins, höfðu til hliðsjónar fjörlitaða skýrslu sem lögð hafði verið fyrir þingið.

Sigurður Skarphéðnsson rakti starf stjórnar í stórum dráttum.  
Stjórnarfundir voru haldnir 24 á starfsárinu, með góðri mætingu.

Felagsmál: Haldin voru 7 félagsmálanámskeið á vegum UMSK viðsvegar á sambandssvæðinu, með góðum árangri, og var það mikil efling frá því sem áður var.

UMSK blaðið: Formaður minntist lítilega á útgáfu UMSK blaðsins, sem var auglysingaráblað og gefið útí tekjuöflunarskini, en það var offsetprentað. Nýtaðili að UMSK. var siglingafélagið Ýmir þann 20 jan. '73 hafði stjórn sambandsins veitt félaginu inngöngu samkvæmt lögum UMSK. Formaður er Steinn Steinsson.

Ungmenna og æfingarbuðir UMSK og Aftureldingar: Búðirnar voru starfræktar eins og hægt var, en eins og allir vita hafði Vestmannaeyjagosið sin áhrif þar sem annars staðar. Sökum ónógrar kunningarstarfsemi voru aðeins fá félög sem notfærðu sér æfingaaðstöðuna þar. Þó var aðsókn að ungmennabúðunum góð, betri en áður. Búðinar voru starfræktar að Varmá.

Vinnuskóli á vegum UMFÍ og UMSK: Rakti formaður starfssvið vinnuskólans í Prastarlundi, gat ýmissa framkvæmda á staðnum. Verkefni skólans var þríþátt, íþróttir, vinna, leikir og kvöldvökur. Aðalþátturinn í vinnu unglingsanna var hreinsun kalkvista og dauðra trjáa úr skóginum, svo og öðru tilfallandi rusli á svæðinu. Mjög þótti verði stillt í hóf, eða kr. 900 pr. viku á móti kr. 3600-4000 í venjulegum unglingsabúðum.

Stjórnendur og starfsmenn vinhuskólans voru Sigurður Geirdal og Ólafía Ragnarsdóttir.

Nýjar íþróttagreinar: Siglingafélagið Ýmir hóf starsemi sína á vegum sambandsins á árinu, svo sem áður er getið. Íþróttafélagið Gerpla tók upp Judo á sína starfskrá. Bréiðablik og HK. hafa tekið upp blak og Breiðablik stofnað skíðadeild.

Héraðsmót: voru 13 talsins og að jafnaði var þátttaka góð.

Landgræðsla: Sáð var í Bolabás svo sem undanfarin ár. Þátttaka var ekki sem skildi. Faranstjóri var Þorvarður Áki Eiríksson.

Viðurkenningar á svíði íþrótt og félagsmála. Þá gat formaður þess að kosair hefðu verið íþrottamaður UMSK '73. eldri en 16 ára svo og yngri en 16 ára. Þá var valinn íþróttahópur ársins innan UMSK. Var einnig kosinn félagsmálamaður UMSK '73. Sérstökviðurkenning var veitt fyrir brautryðjendastarf og góðan árangur í sinni grein.

Vor í dal: Til máls tók Guðmundur Gíslason og skýrði frá helstu staðreyndum varðandi þessa móts. Í fyrsta lagi kvað hann undirbúningstíma hafa verið af mjög skornum skammti og þar af leiðandi sköpuðust ýmiss vandamál. Þar næst las hann reiknisyfirlit samkomunar „Vor í sal“.

Reiknisyfirlit fyrir Vor í dal júní '73.

Rekstrarreikningur:

Vörureikn. og aðgangur	3.552.465.-
Framkvæmdir	749.059.-
Akstur	441.556.80
Auglýsingar	80.170.00
Fæði	279.914.00
Laun og skemmtikraftar	731.275.00
Lögregla og sölusk.	667.493.60
	2.949.450.40
	3.552.465.00
Lán frá ÆRR	100.000.00
Styrkur frá ÆRR	100.000.00
Selt efni	80.000.00
Tekjur umfram gjöld	583.014.60
	3.532.465.00
	3.532.465.00

Útgreitt hefur verið kr. 300.000.00  
Birgðir í girðingu ca.kr. 100.000.00

Upplýsingar frá Guðmundi Gíslasyni.

Kvað hann ýmislegt bætur hafa mátt fára fram, en nú værum við reynslunni ríkari. Að lokum gat hann þess að reikningar væru ekki endanlega frágengnir.

Ólafur Oddsson gerði vinnuskóla UMFÍ og UMSK í Prastaskógi og rekstur veitingaskálans í Prastalundi að umræðuefní og gat þess að reksturinn hefði ekki gengið sem skyldi.

Þorvarður Áki Eiríksson: tók til máls og gerði handknattleik nokkur skil. Of lítill undirbúnungstími einkenndi undirbúning móta. Hvað hann dómara-skort mikið vandamál, þar sem aðeins eitt handknattleiksdomaranámskeið var haldið á árinu og aðeins 11 hlutu réttindi. Húsnaðisvandamál væri tilfinnanlegt og stæði félagsstarfi mjög fyrir þrifum. Sagði hann að skýrslur um starfsemi handknattleiks félaga innan UMSK hefðu aðeins borist frá tveim félögum HM og Gróttu.

Pálmi Gíslason: las upp reikninga sambandsins. Meðal annars gat hann öppgeröra tekna kr. 40.000.- af „Vor í dal“. Enfremur kom fram að rekstrarskaði Þrastarlundar væri 250-300.000 og gat þess að hugsanlegt væri að dreifa honum á 3 ár.

Kjörnefnd skipaði í umræðuhópa; ræða skýldi skýrslu stjórnar í fjórum hópum.

Umræðuhópar.

Borð 1.

Una Ragnarsdóttir  
Gunnar Gíslason  
Stefán Magnússon  
Sveina Sveinbjörnsdóttir  
Hreiðar Grímsson  
Guðný G. Ívars dóttir  
Pórir Hallgrímsson  
Guðmundur Ingvarsson  
Georg Magnússon  
Þorvarður Áki Eiríksson  
Magnús Gíslason

Borð 2.

Gestur Guðmundsson  
Ingvi Guðmundsson  
Ragnheiður Tryggvadóttir  
Steingrímur Hildimundarson  
Ólafur Guðmundsson  
Össur Torfason  
Anna Hjaltadóttir  
Halldór Gíslason  
Pórður Guðmundsson  
Erlingur Þorsteinsson  
Sigurður Skarphéðinsson

**Borð 3.**

Margrét Bjarnadóttir  
 Sigurður Guðmundsson  
 Grétar Tryggvason  
 Friðbjörn Örn Steingrímss.  
 Hulda Finn bogadóttir  
 Ágústa Gísladóttir  
 Hannes Alfonsson  
 Ragnhildur Pálsdóttir  
 Páll Aðalsteinsson  
 Bjarni Snæbjörn Jónsson  
 Guðmundur Gíslason  
 Sveinbjörn Björnsson  
 Svanborg Ísberg

**Borð 4.**

Páll Ól. Pálsson  
 Pétur Eysteinsson  
 Jónas Jóhannsson  
 Gísli Ákason  
 Bjarni Jóhannesson  
 Sigurlína Jóhannsdóttir  
 Pálmi Gíslason  
 Þórarinn Sigurðsson  
 Björn Bjarnason  
 Stefán Jónsson  
 Lárus Ásgeirsson  
 Stefán Tryggvason

Umraðuhóparnir störfuðu frá kl.12.15 til rúmlega 1230 en þá var gert matarhlé. Var snætt í boði Ungmennafélagsins Drengs, var þar kjarnmeti á teim langborðum. Tóku þingfulltrúar vel til matar síns, enda þurfandi. Að matarhléi loknu héldu umraður áfram nánar tiltekið kl.13.30 og var starfað í umraðuhópum sleitu laust til kl.14.00. Gerðu talsmenn hvers hóps grein fyrir niðurstöðum sínum.

**Álitsgerðir umraðuhópa.****Borð 1. Una Ragnarsdóttir:**

Síðasta UMSK blað var talið með besta móti, en var alltof dýrt í prentun. Knattspyrnumót UMSK þarfnað betri skipulagsingar. Slælega hefur verið mætt til móta, sökum ónógs undirbúnings. Badmintonmótið tókst mjög vel, svo og borðteknismótin. Lagt var til að betur yrði vandað til allra móta eftirleiðis. Að sambandið láti fleiri dómaranámskeið til sín taka og fari inná þá braut að hjálpa viðkomandi íþróttagrein til að eignast sem flesta hæfa menn í viðkomandi íþrótt. Það er ekki nógu gott að héraðsmót og A og B móti hafa fallið niður í Frjálsum íþróttum. Bridge móti UMSK voru menn almennan ánægðir með. UMSK auglýsti skák móti en þar sem engin skráði sig til þátttöku fór það ekki fram. Sumarbúðirnar tókust mjög vel og allir ánægðir með þær. Þá viljum við skora á aðildarfélög UMSK að taka miklu meiri þátt í landgræðslunni, þar sem aðeins Gerplá, Afturelding Ungmennafélagið Drengur og HK mættu til starfs, hefði það seint verið klárað, nema af því að fráungmennabúðunum kom góð hjálp. Þá er askilegt að koma á framkvæmdarnefnd til að sjá útúr fjármálum UMSK. Verði Prastalundur tekinn aftur, ætti að skipa nefnd til að annast allan rekstur þar með fullri ábyrgð. Þar sem við álytum að megi reka barna ágóðasaman rekstur með ráðningu á góðu fólk. Þá leggjum við til að að reistur verði steinn í Bolabás, sem auðkenni þar starf UMSK. Enfremur mæltum við með því að valinn verði staður á sambandssvæðinu þegar ráðist verður í nýja landgræðslu-ferð.

**Borð 2. Gestur Guðmundsson:**

Almenn ánægja með auglýsingarblaðið, en skiptar skoðanir um svokallað „Rauða blað”. Fjármálin virðast vera góð eftir ástæðum. Heildar velta há, hjá sambandinu á ársgrundvelli. Samþykkt var að taka veitingarskálam í Prastarlundi á leigu áfram og áriðandi er að ráða þar góðann framkvæmdarstjóra ásamt öðru starfsfólk, og sambandsfélagarr gætu hlaupið undir baggann þegar mest væri að gera. Happdrættið þarfnað mikills undirbúnings hjá félögunum við sölu og dreifingu miða. Samþykktur var vinnuskáli í Prastarskógi. Samþykkt var að UMSK tæki ekki þátt í samkomunni „Vor i dal”, nema þar komi til betr a skipulag. Varmarbúðirnar til mikillar fyrirmynðar. Samþykkt var að halda íþróttahátiðir í stað héraðsmóta árlega. Félögunum skuli falið að halda hin ymsu móti í nafni UMSK. Meðmælt að halda uppi mótmum í hinum ymsu

greinum og vekja upp nýjar íþróttagreinar, samþykkt. Halda námskeið svo sem þjálfara og leiðbeinendanámskeið ásamt fleiru sliku.

#### Borð 3. Margrét Bjarnadóttir.

Fjármál: Um þennan líð skiptist umræðuhópurinn í tveimur, tog varð því tvíþættar ályktanir. A. Að tekjur UMSK byggðust á styrkjum og skatti frá félögnum eingöngu, en ekki rekstri. Forðast beri vavasaman rekstur. B. Að UMSK reyni að afla fjárlög til starfseminnar t.d. með einhversskonar rekstri, happdrætti, blaðauftáru og fl. Á móti opinberum styrkjum. Starfsmönnum sem JMSK ræður til sín verði ekki falin fjármál þess. Vor í dal. Hópurinn var hlynntur því að UMSK starfi oftar að samkomu eins og Vor í dal" en skypulag verði betra. Hlutur félaganna hefði mátt vera meiri, eða í hlutfalli við framlagðarvinnustúndir. Hópurinn mótmælir því að ekki skuli liggja fyrir endanlegt uppgjör frá „Vor í dal". Ungmennabúðir: Hópurinn leggur ríka áherslu á starfsemi ungmannabúðanna og treystir á næstu stjórn að leysa það verkefni af hendi, og eru allir sammála um að rekstur ungmannabúða séu eitt þarfasta starf sambandsins. Félagsmálafræðslan: Pörf er á fleirum félagsmála-kennurum í UMSK og félagsmálakennslu inn í skólanum, að félagsmálanámskeiðin séu haldin í beinum tengslum við félögin, framhaldsnámskeið vantar tilfinnanlega. Námskeið: Hópurinn er sammála um þörf á dómaranámskeiðum í sem flestum íþróttagreinum og brýn þörf á fleirum þjálfaranámskeiðum innan UMSK: Hópurinn þakkar fráfarandi stjórn UMSK starfið á árinu og telur margt hafa unnið. Skýrsla stjórnar er greinilega góð, en hefði mátt lífga upp á hana með nokkrum myndum. Auglýsingarblaðið mjög gott og reyndist mikil og góð fjárlögun. Hópurinn telur það mjög slæmt þegar einstök félög taka líttinn þátt í starfseminni í heild og starfið lendir á sama fólkinu. Félögin þurfa að vera betur vakandi gagnvart þessu koma oftar saman ræðamálin og vinna síðan í sameiningu að ákveðnum framskvæmdum og koma hlutunum í verk. Meira sé gert af því að taka stærri mál fyrir á almennum fundum hjá sambandinu ræða þau og mynda jákvæða stefnu til að vinna að. Knattspyrnumótin verði rekin þannig að félögin standi fyrir móturnum eins og ælast er til og að þau gangi eðlilega fyrir sig. Fimleikar: Fimleikar verði efldi innan UMSK og opið mótt haldið á árinu. Mót yfir leitt: Þau séu sérstaklega haldinn í greinum sem vantar mótt fyrir eða fyrir þá félaga í UMSK. sem ekki sækja almennt önnur opin mótt. UMSK ath. möguleika að halda opinmótt í fleiri íþróttagreinum. Nýjar íþróttagreinar.: Sambandið stiðji við bakið á nýjum íþróttagreinum og reynir að efla þær. Hópurinn áréttar að menn séu að félagsmenn viðkomandi félags þegar þeir mæti í keppni. Hópurinn er sammála um að auka þurfi samstarf. félaganna og skorar á þingið að gera nú einhvað raunhæft í málinu. Ekki bara orðin tóm.

#### Borð 4. Páll Ól. Pálsson:

Skýrsla fráfarandi stjórnar góð, ber með sér að þeir sem hana unnu höfðu líttinn annan tíma en kvöld og aðra frítíma, að loknum vinnu tíma. Mætinagskrá stjórnarmanna mjög gagnleg til fróðaleiks. UMSK blaðið var mjög jákvæð fjárlögun. Hagnaður af því var um það bil 300,000 kr., og voru auglýsendur ánægðir með að hafa sínar auglýsingar í því. Vinna við svona blað er geipileg og er því þörf á að hafa sér fólk við útgáfuna, eða einhvern sem vill eða getur tekið útgáfuna að sér. Til ath. við næsta UMSK blað. Nauðsynlegt er að fá frá sem flestum félögum, og félagadeildum myndir til kynningar á starfi UMSK: Blaðið sem þessu væri góður styrkur í að sambandið hefði menn sem tækju myndir af hinum ýmsum móturnum og öðru starfi sambandsins. Hugsanlega gæti komið út UMSK blað ársfjórðungslega, auglýsingar eiga að geta staðið undir öllum kostnaði við útgáfuna.

Félagsmálafræsla UMSK: Talið var rétt að félagsmálakennsla haldi áfram á sömu braut. Vanda þarf vel til þessara námskeiða, enda í ykkilinn að sterku og heilbrigðu félagslifi, innan aðildar-félaga UMSK. Nýjir félagar: eru ætioð fagnaðarefni, svo er enn, því viljum við sjóða siglingafélagið Ýmis velkomið til starfa innan UMSK: Fjármál: Prastarlundur: Hér er spurningin um það hvernig er hægt að leysa fjárhagsvandamál? Rætt var um hvernig hægt væri að tryggja sér öruggt starfsfólk strax. Eirnig voru ætlir sammála um að vinnuskólinstaðarins yrði starfræktur áfram. Happdrætti UMSK: Eftir-tektar-vert er að starstu deildirnar í stóru félögum koma verst út úr sölu happdrættisins. Styrkir til UMSK: Sambandið vill þakka fyrir þá styrki sem sveitarfélögin hafa veitt því, og óskum við því eðlilega að sveitarfélögin verði enn rausnalegri á nýþyrjuðu ári., „Vor í dal“ í þessu máli var skipulagsbrenglun frá upphafi til enda, og almenn sánægja alls hópsins um alla framkvæmd. Ungmenna og æfing. Þúðir: Þetta starfstytjuum við öll og óskum góðs gengis. Þím þætti starfs okkar. Vinnuskólinn í Prastarlundi er sú merkasta nýjung sem fram hefur komið. Þarna er land fagurt og friðselt þepta veit stjórn UMSK eftir heimsókn þangað og góðan kappleik í knattspyrnu, sem hún tapaði að vísu. Nýjar íþróttagreinar: Okkur er mikið fagnaðarefni að en þá skuli vera að fjölga íþróttagreinum innan UMSK. Og við tærum því að nefnd sú sem fjallmun um íþróttamál UMSK hér á eftir skili góðum störfum til skipulagningar varðandi íþróttir yfirleitt. Þá viljum við hvetja til aukinnar landagræðslu, og hún fari fram á landi innan UMSK: Íþróttaviðurkenningar: Hörmum við þær deilur sem orðið hafa um val „íþróttamána“ ársins og heldur sem horfir er ekki um annað að gera en að fella þær niður. Samstaða var ekki algjör í þessu máli, en gott væri að fá álit fleiri í þessu máli. Íþróttabúningar: Umræður urðu nokkrar um búninga félaganna og að 50.þing UMSK hafi samþykkt vissa gerð búninga. Síðan hafi svo formannafundur breitt búningunum að nokkru leyti. Rætt var óhagræði það, hve skýrslur frá sumum aðildarfélögum UMSK bærust bæði seint og sumar aldrei til stjórnar UMSK, til úrvinnslu fyrir lok hvers starfsárs. Væri vel ef þetta færðist til betri vegar í framtíðinni. Fjármál: Fjármál sambandsins þarfast myög nákvæmrar ath. og að nefnd sú sem fær þau mál til athugunar hyggi að góðum leiðum til úrbóta í náinni framtíð.

#### Umræður um niðurstöður umræðuhópana.

Hannes Alfonsson: Kvað hann knattspyrnumót hafa verið skipulögð með ágætum, ef framkvædmum ekki verið fylgt nógu vel eftir. Skírteini sambandsins ræddi hann nokkuð, kvað þau ekki nógu haglega hönnuð. T.d. nefndi hann óhagræðið í að þurfa að tvískrifa kvitanir. Sagði hann það ekki vera raunhæft að sala happdrættismiða byggist nær eingöngu á litlu félögum. Sem dæmi um trega sölu tók hann, að þegar fótboltadeild úr Breiðablik fór til Skotlands, vildu félagar heldur vinna sjálfir fyrir því fé sem anhars hefði komið inn fyrir happdrættisölu.

Póir Hallgrímsson:, sagði að happdrætti væri óvinsælt, en félögin yrðu að hafa einhverja fjárlunarleið, eins og Prastalund. Þótt svo hafi farið sem síðast, sé það ekki næg ástæða til að leggja árar í bát. Sagðist hann samþykkur verðlaunaveitingum og gat þess að 5. flokkur knattspyrnudeildar Breiðabliks hefði á síðasta keppnistímabili leikið 23 leiki og unnið 22 og gert eitt jafntefli, gert alls 160 mörk gegn 70 Lýsti hann undrun sinni yfir því að þessi flokkur hefði ekki orðið fyrir valinu „íþróttaflokkur ársins“ sem Stjarnan og Breiðablik hlutu að þessu sinni. Hvað viðurkenningar fyrir brautriðjendastarf snerti, minnti hann á skíða- og sunddeild Breiðabliks. Kvað hann framkvæmd

knattspyrnumóta innan UMSK mjög ábótavant, svo og að handknattleiksmót mætti skipuleggja betur frum í tímann. Varmá hefur vakið athygli fyrir gott starf og góða aðstöðu, 7 flokkar frá Breiðablik hefðu dvalið í góðu yfirlæti við leik og störf og taldi hann nauðsyn áframhaldandi starfsemi búðanna.

Friðbjörn Örn Steingrímsson:, kvað fjármál sambandsins ekki hafa gengið fyrir sig sem skyldi. Blað JMSK hefði verið ágæt tilraun til fjárlunar. Hvað Prastalund snerti, hefði þar einn maður brugðist, það gæti alltaf komið fyrir, en taldi rétt að reyna sílika fjárlun aftur með strangara eftirliti, Gat hann þess að um 40.000 kr. sem væru á leiðinni til H.S.K. sem greiðsla fyrir störf við „Vor í dal“. Kvað hann það óvið-unandi þegar félög innan UMSK sem lagt höfðu fram mikið starf, bæru lítið sem ekkert úr bínum. Enfremur rakti hann ýmsa þræði þessarar „Harm sögu“ og kvað það skyldu UMFI að skila sem fyrst greinagerð ásamt reikningsuppgjöri til UMSK og allra þar að hlutaðeigandi félaga Vor í dal gæti staðið fyrir sínu ef til kæmi í 1. lagi ekkert leynimakk og í 2. lagi fullkomið traust stærri félaga og allt væri haft á hreinu varðandi skipulag. Lagði hann til að hverju félagi yrði falinn sölu-skáli, eða svipað starf. Þen inná húsnæðisvandamál sem væri ofarlega á baugi og staði öllum félögum UMSK meira og minna fyrir þrifum. Að lokum gat hann þess að íþróttafélagið Gerpla væri það. Hvorki hann eða hún.

Ingvi Guðmundsson:, Kvað hann það hina mestu smekkleysu að fara að metast á um val íþróttahópa til verðlauna veitinga, þar sem valið færi eftir framkomu á leikvelli meðal annars. Varðandi Prastarlund, kvað hann fráfarandi stjórn hafa tekið á sig alla ábyrgð . því máli.

Pálmi Gíslason: Kvað hann það illa farið þegar farið væri að metast á um val hóps til verðlaunaveitinga. Um Prastaskóð er e. f. tt um að ræða, þau sorglegu mistök sem þar urðu meiga ekki verða til þess að stoppa allar tilraunir til fjárlunar á álika gundvelli. Satt er það að „hægara er sagt en gert“ að fá traustann mann til að veita síliku forstöðu. „Vor í dal“: Ekki tel ég frágangssök að vinna að því öðru sinni. enn með öðru og betra skipulagi. T.d. að UMFI sjái um aðgangsmiðásöluna, síðan fengi félögini hvert sinn söluskúr, eða annað álika viðfangsefni innan svæðisins.

Sveinbjörn Björnsson: Verðlauna veitingar eru ekki á nógum grundvelli, tel ég núverandi fyrirkomulag óviðunanlegt, betra væri að fá menn utan UMSK til að tilnefna væntanlegan viðurkenningar hóp. Þessar veitingar hafa orðið til að auka á óeiningu innan UMSK í staðin fyrir, að auka á einingu aðildarfélaga UMSK. Tel ég að best væri að leggja þær niður, en að halda þeim áfram í þessu formi. Vil ég benda á að 5fl. Breiðabliks hefur staðið sig fullkomlega eins vel og Stjarnan. Um óeiningu innan UMSK má nefna þegar eitt félag innan UMSK var hrópað niður afeigin bandalags-félögum, í keppni við Reykjavíkurfélag.

Sigurður Skarphéðinsson: Að lokinni hópkönnun á skýrslu fráfarandi stjórnar, kvaðst hann mjög ánægður með þær niðurstöður sem út úr því kom. Þar sem komið væri senn á leiðarenda, vildi hann þakka samferðarfólkini sínu ánægjulegar samfylgdí gegnum þykkt og þunt á starfsárinu.

Una Ragnarsdóttir: Kvaddi sér hljóðs og bað þingfulltrúa að rísa úr sætum og gera nokkrar leikfimisæfingar til heilsubótar, líkamlega og andlega.

Guðmundur Gíslason:, bað þingfulltrúa að greiða atkvæði um reikninga UMSK. Voru þeir samþykktir samhljóða.

Nefndarstörf:

Ólafur Guðmundsson:

- Álit kjörnefndar um þingnefndir.
1. Fiárhagsnefnd
  2. Alsherjarnefnd
  3. Félagsmálanefnd
  4. Íþróttanefnd
  5. Laganefnd

Þingnefndir:

Íþróttanefnd:

Steinar Lúðvíksson  
Sigurður Skarphéðinsson  
Margrét Bjarnadóttir  
Hulda Finnbogadóttir  
Guðný G. Ívarsdóttir  
Steingrímur Hildimundarson  
Magnús Gíslason  
Guðmundur Ingvarsson  
Þórarinn Sigurðsson  
Stefán Tryggvason  
Bjarni Bjarnason

Alsherjarnefnd:

Ingvi Guðmundsson  
Una Ragnarsdóttir  
Ágústa Gísladóttir  
Stefán Magnússon  
Gunnar Gíslason  
Georg Magnússon  
Sveinbjörn Björnsdon  
Þórir Hallgrímsson  
Pétur Eysteinsson

Félagsmálanefnd:

Ólafur Oddsson  
Ragnheiður Tryggvadóttir  
Sigurlína Jóhannesdóttir  
Bjarni Snæbjörn Jónsson  
Gísli Ákason  
Hannes Alfónsson  
Lárus Ásgeirsson  
Erlingur Þorsteinsson

Mál lögð fyrir þingið.

Þá tók Sigurður Skarphéðinsson til máls og ræddi nokkuð um þann ágreining um verðlaunaviðurkenningar. Lagði hann til að þær yrðu lagðar niður.

Þorvarður Áki Eiríksson, studdi tillögu Sigurðar Skarphéðinssonar Kvað hann það ekki nema mannlegt að hver héldi sínum hóp fram, og vil ég þakka Sveinbirni fyrir að játa það að hafa setið hjá í 2 ár. Við atkvæða greiðslu um viðurkenningar hóð sín.

Guðmundur Gíslason, bað um samþykkt þingsins um að vísa tillögu Sigurðar Skarphéðinssonar til alsherjarnefndar.

Laganefnd:

Gestur Guðmundsson  
Ólafur Guðmundsson  
Anna Hjaltadóttir  
Hreiðar Grímsson  
Páll Aðalsteinsson  
Ragnhildur Pálsdóttir  
Bjarni Jóhannesson  
Halldór Gíslason

Fjárhagsnefnd:

Pálmi Gíslason  
Jónas Jóhannesson  
Guðmundur Gíslason  
Þorvarður Áki Eiríksson  
Páll Ól. Pásson  
Grétar Tryggvason  
Stefán Jónsson  
Sveina Sveinbjörnsdóttir

## Utandagsskrá.

Margrét Bjarnadóttir bað um orðið. Bað hún eftirtalda þingfulltrúa

æ ganga upp á sviðið.

Sigurð Skarphéðinsson

Ólaf Guðmundsson

Ingva Guðmundsson

Þórir Hallgrímsson

Ólaf Oddsson

Margrét lét nú þessa égætismenn fá kassa með innþökkuðum fötum í. Ætlast var til að kassinn gegi manna á milli um leið og leikið var létt lag, en um leið og lagið stoppaði, ták sa þeirra sem með kassann var, einn pakka og klæddist innihaldi hans, sem auðvita var kvennfatnaður. Var þetta öllum þingheimi til hinnar mestu kátínu.

## Kaffihlé kl. 1600

Meðan á kaffidrykkju stóð fóru fram afhendingar á viðurkenningum UMSK. Þeir sem þær hlutu voru: Steingrímur Davíðsson UBK 16 ára og yngri. Karl West Fredriksson 16 ára og eldri. Páll Aðalsteinsson Aftureldingu félagsmálamaður og Hafsteinn Jóhannesson UBK fékk tugbrautarbikar UMSK.

Að kaffidrykkju lokinnihéldu þingnefndir áfram störfum og störfuðu til kl. 16.30

## Mál frá nefndum:

### Alsherjarnefnd:

Fyrstur kom í stólinn Pétur Eysteinsson og talaði fyrirhönd Alsherjarnefndar. Las hann tillögurnar allar upp og ræddi þær síðan nokkuð.

Friðbjörn Örn Steingrímsson: Kvaðstpersónulega vera á móti niðurfellingu a vali íþróttamans ársins o.s.frv. en taldi að hægt væri að fara eftir einhverskonar stigatöflu., annað kvað hann að væri uppgjöf. Enfremur gat hann um hinn almenna húsnæðisskort.

Ingvi Guðmundsson: Vildi ekki samþykkja að um uppgjöf væri að ræða, þó að hann væri sammála tillögu Sigurðar Skarphéðinssonar, um niðurfellingu á vali íþróttamanns og hópa.

Gestur Guðmundsson: Sagði hann verðlaunaviðurkenningar til örfunar félagsmanna í íþróttum og keppnum, það var ætlunin og verður enn. Gert er ráð fyrir bygging íþróttahúss í Kópavogi, og er áætlaður kostnaður þess 90miljónir. Á fjárhagsáætlun í ár eru 30milj. úthlutað til þessar byggingar.

Steinar Ljóviksson: Lýsti sig á móti niðurfellingum á vali íþróttamanns- og hópi ársins., kvað það enga laus a á vanda málins.

Friðbjörn Örn Steingrímsson: Kvað hann sig vera sammála Steinari og gat þess að í skýrslu stjórnar á bls. 27 komi fram að íþróttamáður ársins væri kosinn, en ekki farið eftir stigatöflu. En hópurinn valinn með nefndaráliti eða samþykkt.

Sigurður Skarphéðinsson: Skýrði tillögu sína varðandi niðurfellingu íþróttamans ársins, þar sem ekki lá ljóst fyrir mönnum hvernig bæri að taka hana, Kvað hann rétt að stjórnin tæki í sínar hendur hvort úthluta bæri viðurkenningum eða ekki. Félagsmálamaður ársins hefur verið nokkurskonar „, good by“ verðlaun.

Ingvi Guðmundsson: Lýsti sig fullkomlega hlyntan verðlaunaveitingu „,Allir sem hljóta þau eru vel að þeim kommir“. En hjakki allir í meðalmennskunni á ekki að verðlauna " sagði hann.

Guðmundur Gíslason bað þá þingfulltrúa að greiða atkvæði um til-lögur Alherjarnefndar.

Alsherjarnefnd.

1. tillaga. 51 þing UMSK samþykkir að tilnefna 2 menn til að annast samming við verzlanir og fyrirtæki um afslátt fyrir sambandaðila samanber þingskjal nr, 16 frá síðasta þingi um félagsskírteini. Erindið falið Guðmundi Gíslasyni og Halldóru Viktorsdóttur  
*afgr.* Til vara Pálma Gíslasyniog Sigurð Skarphéðinssyni.
2. tillaga. 51.sambandsþing UMSK felur þeim Ingva Guðmundssyni, Sigurði Skarphéðinssyni og Vilborgu Brennes að gera tillögu að þjóðhátiðardagsskrár UMSK.  
*afgr.* Til vara Pál Ól. Pálss., Margrét. Bjarnad. og Steinar Lúðvíkss.
3. tillaga 51.þing UMSK samþykkir að stjórn kjósi nefnd er annist ung-mennabúðir og vinnuskóla UMSK í Prastarskógi.  
*afgr.*

Sign. Páll Aðalsteinsson

Samþykkt.

4. tillaga. 51.þing UMSK samþykkir að fela komandi stjórn UMSK að athuga möguleika á veitingarrekstri í Prastarlundi.  
*afgr.*

Sign Pétur Eysteinsson  
" Þórir Hallgrímsson  
" Ingvi Guðmundsson  
" Stefán Magnússon  
Gunnar Gíslason

Sign. Ágústa Gísladóttir  
" Georg Magnusson  
" Sveinbjörn Björnsson  
" Una Ragnarsdóttir

Samþykkt.

5. tillaga. 51.þing UMSK skorar á næstu stjórn UMSK að hafa auga á hverjum fingri, varðandi íþróttamannvirki þau sem verið er að byggja á sambandssvæðinu og ýti á þau sveitafélag sem að þeim standa um að hraða framkvæmd sem mest má vera.  
*afgr.*

Sign Ingvi Guðmundsson  
" Stefán Magnússon  
" Gunnar Gíslason  
" Ágústa Gísladóttir  
" Georg Magnusson  
" Pétur Eysteinsson

Samþykkt.

6. tillaga. 51.þing UMSK skorar á næstu stjórn sambandsins að ýta á eftir því eins og henni er unnt við Bærstjórn Kópavogs að hún hraði framkvæmdum á byggingu fyrirhugaðs íþróttahúss, eins og hægt er.  
*afgr.*

Sign Friðbjörn Örn Steingrímsson  
" Þorvarður Áki Eiríksson  
" Þórir Hallgrímsson

Samþykkt 3 á móti.

7. tillaga. 51.þing UMSK samþykkir að leggja niður veitingu viðurkenningar- innar íþróttamaður UMSK og íþróttahópur UMSK, enn fremur félagsmála- maður UMSK. Í staðinn sé það á valdi stjórnar UMSK hvort hún telji ástæðu til að veita viðurkenningar á hvaða sviði sem er, en ekki föst regla.

Sign. Sigurður Skarphéðinsson

Samþykkt 26:13

Guðmundur Gíslason fundarst. bað laganefnd að gera næst grein fyrir sínu starfi. Það gekk í ræðustólinn talsmaður Laganefndar, Ólafur Guðmundss. Rakti hann störf nefndarinnar og las þær lagabreytingar sem hún fjallaði um.

Pálmi Gíslason:, Lýsti sig á móti 2 ára stjórnarbindingu, taldi það of mikðla bindingu til langs tíma.

Gestur Guðmundsson: Kvað það mæla með 2 ára setu í stjórn að ekki koma allir, ßg það óvanir þeim störfum er þær biða þeirra.

Friðbjörn Órn Steingrímsson: Sagðist styðja tillöguna óbreyttu, vegna þess að hann taldi mjög óliklegt að 6 manns fáru samtímis úr stjórninni, en kvað rétt að nýta varastjórn betur, t.d. við fjáröflun.

Sigurður Skarphéðinsson: Fór hann nokkrum orðum um breytingar-tillögu við 6gr.

Guðmundur Gíslason fundarst.:, bað þá þingfulltrúa að greiða atkvæði um fram kommar tillögur um lagabreytingar.

Laganefnd:

1. tillaga: 1gr.eins og hún er eftir breytingu.

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafaðUMSK. Sambandssvæðið er Kjósarsýsla og Kópavogskaupstaður. Tilgangur UMSK er að stuðla að auknum samskiftum félaganna á sviði íþróttu og félagsmála í anda Ungmennafélagshreyfingarinnar og gæta hagsmunu þeirra út á við.

Auk þess sem bætfi var við, var sú breytinggerð að feld var úr ein setning, sem fjallaði um hreppa þá í Gullbringusýslu, er nú eftir sýslumarkabreytinguna teljast ekki lengur til sambandsins. Hlaut hún samþykkt.

2. tillaga: 4gr.bætist við.

Viðkomandi félag ber uppihaldskostnað af þinginu.

Þessi tillaga var feld vegna þess að þetta reyndist einungis endurtekning á því sem áður var komið.

3. tillaga:

Sambandsféðin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþing, einn fyrir hverja 2 tugi aða brot úr tug. gjaldskylrafélagsmann, 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama féluginu. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á Sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins. hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef 2/3 kjörtinna fulltrúa mæta á það.

Breytingin var sú að fyrsta setningin var endurbætt, rýmkuð.

Var samþykkt, með handauppréttingu.

4. tillaga: 7.gr.

Stjórn sambandsins skipa 1 frá hverju félagi: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórn. Formaður og varaformaður skulu kos að sérstaklega og síðan meðstjórnendur í einu lagi og skipta þeir með sér verkum. Auk þess skal kjósa jafn marg aðalmann og taka þeir sæti aðalmanns síns félags í stjórninni, forfallist hann. Þá skal kjósa tvö endurskoðendur og tvö til vara. Heimil t er stjórn að kjósa priggjamanna framkvæmda nefnd og skal stjórn ákveða starfssvið hverju sinni. Framkvæmda nefnd skal halda gerðabók.

Breytingin var fólgin í viðbót við áður skráða og viðurkennda grein. Var hún Samþykkt.

Einnig kom fram sú tillaga að helmingur meðstjórnar sæti 2 ár sam-fellt. Var felið 18:21 atkvæði.

Pá kom að lokum til sú tillaga að kosinn yrði 3ja manna milliþinga-nefnd til að athuga starfsár sambandsins 1/10-30/9. Hlaut hún samþykkt án mótagvæða.

#### Íþróttanefnd:

Að lokinni atkvæðagreiðslu um lagafreytingar gaf fundarstjóri formælenda íþróttanefndar orðið. Stefán Tryggvason stéði í ræðustólinn og flutti þingheimi tillögur íþróttanefndar. Einnig ræddi hann allar tillögur í fáum orðum.

Varðandi B. mótt kvað hann að menn sem komnir eru viss langt í stigasöfnun ættu ekki erindi í þau sökum síns yfirstykkeika.

Búningar: Það tel ég mikil atriði að allir innan UMSK klæðist samskonar utanyfir-búningum að minnstakosti.

Friðbjörn Örn Steingrímsson: Studdi hann það að allir klæddust eins utanyfir-buningum, og vitnaði til áskorunar 50 þing UMSK þar að lútandi. (sjá þingskjal nr.7. lið 15 innskot ritara Ö.T.)

Steinar Lúðvíksson: Þetta er ábending um að það sé hagkvæmara að utanyfirbuningar allra félaga og deilda innan UMSK séu eins. Það getur að sjálfsögðu smekklegri sjón t.d. á Landsmónum, heldur en að hvert félag hangi með sinn lit. Hópurinn yrði á að líta sem misheppnuð skrautsýning.

Hannes Alfonsson: Sagðist vera sammála um að búningar væru sem líkaastir innan UMSK en ágreiningur var um stærð og lag þeirra meðal félagsmanna. Einnig voru menn ekki ánægðir með efnið sem notað var í búninganna. Og taldi hann þetta næga ástæðu til að menn vildu ekki nota þá.

Pórir Hallgrímsson: Kvað hann þetta aðeins tilmæli til aðildarfélaga UMSK að nota sara utanyfirbuning. Nefndi hann sem dæmi: Stúlkur úr Bréiðablik sem fóru til Húsa íkur aftóku að nota þessa UMSK búninga sökum ljótleika þeirra.

Ingvi Guðmundsson: Kvað hann að hvert félag ætti að ráða sínum æfingið búning. Taldi hann það engum vanda bundið að samhæfa þetta.

Pétur Eysteinsson: Taldi hann nokkuð mikinn kostnað liggja í margföldum buninga eign hvers félagsmanns, ef nota ætti hvern eftir við-eigandi tilefni.

Guðmundur Gíslason fundarst. lagði tillögur íþróttanefndar fyrir til atkvæðagreiðslu, og hlutu þær samþykki þingsins.

#### Íþróttanefnd:

- afgr.*
1. tillaga: 51 sambandsþing UMSK samþykkir að haldið skuli B-mót í frjálsum íþróttum árlega. Þeir einir hafa þáttökurétt á þessum mónum, sem enn ekki hafa náð ákveðnu hámarksafreki í einni einstakri grein frjálsra íþróttu samkvæmt stigatöflu.

2. tillaga: 51 þing UMSK samþykkir að haldin verði hér aðs-

*afgr.* mótt í öllum greinum íþróttar sem stundaðar eru innan UMSK. Stjón UMSK felur ákveðnu félagi (félögum) framkvæmd móttanna. Þau sendi síðan UMSK og fjölmíðum skýrslu um mítin.

3. tillaga: 51 sambandsþing UMSK beinir því til stjórnar UMSK að kenna möguleika á að efna til hópferðar íþróttarflokka á sem breiðustum grundvelli innan lands eða út fyrir lansteinana í líkingu við ferð UMSK á landsmót. Óbreit frá 50. Sambandsþingi. Samþykkt.

Félagsmálanefnd:

Guðmundur Gíslason fundarst. bað næst um skýrslu frá félagsmálanefnd. Friðbjörn Örn Steingrímsson mælti fyrir hönd sinnar nefndar:

Flutti hann allar tillögurnar, og skýrði þær með nokkrum orðum jafn framt.

Að því loknu laði fundarstjóri þær fyrir þingið til afgreiðslu, og hlutu þær allar samþykki þingsins.

Félagsmálanefnd:

51 þing UMSK beinir þeim tilmálum til stjórnar sambandsins að hún beitir sér fyrir:

1.a. Að stuðla að aukinni leiðtoga fræðslu til hagsbóta fyrir sambandið og aðildarfélög þess.

*afgr.* b. Að kynna þá möguleika sem íþróttaskóli Sigurðar R. Guðmundssonar gefur í sambandi við menntun leiðbeinenda í íþróttum og félagsleiðtoga.

*afgr.* 2.a. Að stjórnin vinni áfram að þeirri stefnu, sem þegar hefur verið mörkuð í félagsmálafræðslu á sambandssvæðinu

b. Að stjórnin þrýsti á fræðsluyfirvöld, að koma á félagsmálafræðslu í skólunum.

3. Að stjórnin beitir sér fyrir auknum félagslegum samskiptum á milli aðildarfélaga, t.d. með sameiginlegum fundum stjórnna einstakra félaga, skemmtiferðum ofl.

4.a. Að stjórnin beiti sér fyrir landgræðslu á sambandssvæðinu.

b. <sup>þur</sup>verði minnisvarði um starf sambandsins í Bolabás.

5. Að stjórnin leiti fyrir sér með land til landgræðslu, sem seinna mætti nýta til félagslegrar starfsemi.

Þetta undirrituðu allir meðlimir félagsmálanefndar:

Sign: Friðbjörn Örn Steingrímsson  
" Gísli Ákason  
" Bjarni Snæbjörn Jónsson  
" Lárus Ásgairsson  
" Ólafur Oddsson  
" Ragnheiður Tryggvadóttir  
" Sigurlína Jóhannesdóttir  
" Erlingur Þorsteinsson  
" Hannes Alfonsson

Alðar tillögurnarhlutu samp.

Utan dagskrár kvaddi sér hljóðs.

Gestur sambandsins Sigurður R. Guðmundsson.

Bakkaðihann fyrir þessa ánægjulegu stund sem hann hafði með þingfulltrúum á þessu 51.þingi UMSK.

Óskaði hann þingfulltrúum gæfu og gengis á komandi starfsári, og men.. heila að lifa.

Guðmundur Gíslason, bakkaði fyrir, fyrir hönd UMSK um leið og hann óskaði gesti sambandsins góðrar heimkomu.

Þar næst bað fundarstjóri fjárhagsnefnd að upplýsa þingheim um sín störf.

Fjárhagsnefnd:

Borvarður Áki Eiríksson mælti fyrir nefndar álti fjárhagsnefndar. Rækti hann tillögur nefndarinnar og skýrði þær um leið í fáum orðum.

Ólafur Oddsson: Kvað hann þessar tölur vægastsagt óraunhæfar, hreinan hugmyndabanka.

Sveinbjörn Björnsson, kvað það hreina draumóra að hugsa sér að gefa UMSK blað árfjóðungslega.

Pálmi Gíslason: Leit á þessa blaðaútgáfu sem fréttablað UMSK, en ekki auglýsingarblað.

Guðmundur Gíslason fundarst. Lagði síðan tillögu fjárhagsnefndar fyrir þingið til afgreiðslu.

Tillögur fjárhagsnefndar hlutu smaþykkir þingsins.

Fjárhagsnefnd.

*afgr.* 1. tillaga. 51 ársþing UMSK þakkar veittan fjárstuðning frá sjóðum Kjósarsýslu, Gullbringusýslu, hreppa og bæjarfélaga auk ÍSÍ og UMFÍ á síðasta starfsári.

*afgr.* 2. tillaga. Fjárhagsnefnd leggur til að staða framkvæmdarstjóra verði hálft starf fyrst um sinn, en stjórninni verði veitt heimild að ráða hann í fullt starf er fjárráð leifa.

*afgr.* 3. tillaga. 51 ársþing beinir því til stjórnar að fréttablað UMSK verði gefið út ársfjórðungslega, enda komi auglýsingar á móti kostnaði. Þessi tillaga var samþykkt af 13 en 10 voru á móti.

4. tillaga. 51 ársþing felur samnandsstjórn að kanna möguleika á ymsum fjárlunarleiðum til að treysta rekstrargrundvölli, sambandsins t.d. dansleikir, blaðaútgáfa, útiskemmtanahald, happdrætti og hafa vakandi auga á sambandi við þjóðhátiðarár.

Allar þessa tillögur voru samþykktar.

Fjárhagsáætlun 1973-74.

Tekjur UMSK.

Skattar félaga og kennslustyrkir.	kr. 40.000.-
Ýmsir aðrir styrkir	" 700.000.-
Getraunir	" 90.000.-
Útistandandiskuldir	" 127.000.-

Blað	kr. 250.000.-
Vor í dal	" 80.000.-
	<hr/>
	1.287.000.-
Ýmsar tekjur	200.000.-
	<hr/>
samtals. kr.	1.487.000.-

Gjöld UMSK.

Laun og akstur	kr. 445.000.-
Sími og burðargjöld	" 40.000.-
Húsnaði	" 54.000.-
Ritföng, pappir og fl.	" 50.000.-
Pinggjald	" 15.000.-
Lífeyrissjóður	15.000.-
Ýmsiss kostn.	15.000.-
	<hr/>
samtals. kr.	634.000.-

Íþróttakostnaður	kr. 150.000.-
Annar kostnaður	" 100.000.-
Varmá, skuld	" 70.000
	<hr/>
samtals kr.	" 954.000.-

Aðrar skuldir	320.000.-
	<hr/>
Samtals kr.	1.274.000.-

Áætlaðar tekjur umfram gjöld	kr. 213.000.-
	<hr/>

Kosning til stjórnar UMSK.

Fram kom ein tillaga um formann. Ólafur Oddsson Umf, Dreng, og var hann því réttkjörinn.

Fram kom ein tillaga um varaformann. Páll Áðalsteinsson Afturelding, og var hann því rétt kjörinn.

Fá kom fram einn listi um aðal og vara menn og voru þeir því rétt kjörnir í stjórn UMSK.

Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir	íþróttafel.
Grétar Tryggvason	Gerpla
Pórður Guðmundsson	Umf. Kjalnesinga
Porgeir Ólafsson	Umf. Breiðablik
Ingvi Guðmundsson	Handknattleiksþ. Kóp.
Jónas Jóhannsson	Umf. Stjarnan
Bryr jar Valdimarsson	Umf. Bessastaðahrepp
Magnús Sigurðsson	Siglingaf. Ýmir
	Íþróttafél. Grótta

Varastjórn.

Hulda Finn bogadóttir	Íþróttafél.
Stefán Tryggvason	Gerpla
Steinar Lúðvíksson	Umf. Kjalnesinga
Þorvarður Áki Eiríksson	Umf. Breiðablik
Sigurður Þorsteinsson	Handknattleikkfél. Kóp.
Steingrímur Hildimundarson	Umf. Stjarnan
Steinn Steinsen	Umf. Bessastaðahrepps
Trausti Víglundsson	Siglingafél. Ýmir
Guðmundur Gíslason	Íþróttafél. Grótta
Hafsteinn Pálsson	Umf. Dreng
	Umf. Afturelding

Íþróttadómstóll:

Stefán Ágústsson      íþr.fél. Grótta.  
Tómas Lárusson      Afturelding  
Stefán Þórarinsson      Stjarnan

Varamenn.

Pórir Hallgrímsson Breiðablik  
Steinar Ólafsson Dreng  
Ólafur Guðmundsson Gerplu

Tómas Lárusson átti að gagna úr aðaldómi og Steinar úr varadómi, en voru báðir endurkjörnir.

Kjörnefnd.

1. tillaga. 51 ársþing UMSK samþykkir að veita stjórninni heimild til að tilnefna menn á þing hinna ýmsu sérsambanda íSÍ auk þín-s íSÍ og UMFÍ.

Tillagan hlaut samþykkt þíngsins.

Önnur mál.

Sigurður Skarphéðinsson, óskað nýkjör inni stjórn UMSK til hamingju, og óskaði henni velgengis a komandi starfsári. Kvað hann að hennar biði mörg og mikilvæg viðfangsefni. Kvað hann sig vera h. Ytan tillögu Margrétar Bjarnadóttur, að halda bæri fleiri fulltrúafundi. Varðandi 1100 ára afmæli, legði hann til að Sambandið gengist fyrir UMSK viku í sumar. Það yrði kynnt öll starfssemi innan UMSK. Um óskabarn Sambandsins, æfingar búðirnar að Varmá, sagði hann, að þessu mikla áhugamáli okkar verðum við að vanda mjög til að allan hátt og halda áfram ef nokkur kostur er. Síðan 1 gði hann fram tillögu svo hljóðandi.

1. tillaga. 51. þing UMSK telur ungmenna og æfingarbúðir að Varmá mjög áriðandi þátt í starfi sambandsins og treystir hreppsnefnd Mosfellshrepps og skólanefndar Gagn fræðaskólas í Mosfellssveit, að æfingar allt til þess að UMSK geti notið þeirra aðstöðu að Varmá sem þ. ð hefur haft, um leið og þessum aðilum er þakkaður skilningur á málinu.

Guðmundur Gíllason. Þakkaði Sigurði Skarphéðinssyni og öðrum traustum mönnum sem nú gagna úrstjórn UMSK. Kvað Guðmundur sig hafa hlotið mik la og haldgóða reynslu af að vinna með þessum mönnum, þann tíma sem hann starfaði fyrir UMSK. Sigurði þakkaði, hann sérstaklega langt og happadrjúgt starf í þégu UMSK.

Ólafur Oddsson, tók þá til máls, sem nýkjörinn formaður UMSK. Kvað hann þetta svo mikið starf að enginn hefði viljað taka þetta að sér og því hafði hann verin kjörinn til þess. Síðan þakkaði hann fráfarandi formanni Sigurði Skarphéðinssyni langt og gott starf, svo og öðrum er úr stjórn UMSK gengu. Að lokum þakkaði hann öllum þingstarfsfólk i gott starf.

Ingvi Guðmundsson, hóf mál sitt á að þakka fyrir sig og sína, og kvað ekki stunda það að hæla mönnum, en vildi þó nefna þrjú nöfn öðrum fremur, þá frændur Guðmund Gíllason og Ólafur Oddsson og svo Sigurð Skarphéðinsson, og þakkaði þeim gott starf.

Margrét Bjarnadóttir: Þakkaði fráfarandi formanni og þeim stjórnar-mönnum er láta af störfum í stjórn UMSK. Ræddi hún í nokkrum orðum um tilhögun á þing sköpum. Las hún svo hljóðandi tillögu „Að skipað verði í þingnefndir hálfum mánuði fyrir þing og þær látnar viðna fram að þingi, og vera þá tilbunar til að skila af sér þingnefndar áliti.“ Kvað hún þetta geta flýtt fyrir þinghaldi.

Tillagan kom ekki til atkvæðagreiðslu.

Halldór Gíslason, þakkaði þingfulltrúum fyrir komuna og óskaði þeim góðrar heimferðar og hinni nýju stjórn alls hins besta á komandi starfsári.

Páll Ól. Pálsson: Þakkaði samstarfið með stjórn UMSK. Kvað hann gott samstarf innan stjórnar vera eitt aðalatriði góðrar afkomu UMSK.

Þá þakkaði hann Sigurði Skarphéðinssyni fyrir mikið og gott starf, og óskaði hinni nýju stjórn UMSK gæfu og gengis á komandi starfsári.

Friðbjörn Örn Steingrímsson: Hóf mál sitt á að þakka Umf.Dreng góðar móttökur og viðurgjörning allan. Þá óskaði hann nýkjölfarinni stjórn alls hins besta á komandi starfsári.

Páll Aðalsteinsson. 1. forseti 51 þings UMSK. Þakkaði Umf.Dreng allar góðar móttökur, fyrir hönd stjórnar UMSK. Þingfulltrúum þakkaði hann vel unnin störf. Óskaði síðan öllum velfarnaðar, og góðrar heimkomu.

Að svo búnu sleit hann 51. þingi UMSK kl. 20.15.